



Upplýsing - félag bókasafns- og upplýsingafræða

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið
Skrifstofa ráðuneytisstjóra
mnh@mnh.is

Reykjavík 12.01.2026

Efni: Umsögn um mál nr. 245/2025 - „Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn (Hljóðbókasafn og Kvikmyndasafn)“.

Upplýsing, fagfélag á sviði bókasafns- og upplýsingafræða leggst gegn þessari sameiningu eins og hún er lögð fram til umsagnar.

Ástæðan er sú að röksemdir frá þeim aðilum sem frumvarpið áætla að sameina Lbs-Hbs eru afar sterkar. Við tókum heilshugar undir með rökstuðningi Blindrafélagsins, Hljóðbókasafnsins, Gísla Helgasonar, Hrafnhildar Gunnarsdóttur, Maríu Sigríðar Halldórsdóttur og fleiri sem hafa bent á annmarka þessarar hugmyndar vegna þeirrar sérstöðu sem söfnin gegna.

Bæði Hljóðbókasafn og Kvikmyndasafn Íslands gegna í senn afar mikilvægu og sértæku hlutverki. Þau eru mikilvæg fyrir sína notendahópa, búa yfir mikilli sérþekkingu starfsfólks og gegna lykilhlutverkum í menningarsögu þjóðarinnar. Það er að okkar mati afar nauðsynlegt að hlúa að þessum söfnum og ánægjulegt að ráðuneytið hafi vilja til þess. En að okkar mati yrði það HBS og KS ekki til framdráttar að verða deild eða sársafn í Landsbókasafni.

Í rökstuðningi hlutaðeigandi aðila hefur verið bent á að hvorki safnkosturinn né húsnæði þjóðarþótlöðu henti starfsemi þeirra. Auk þess er bent á að notendur þeirra eiga ekki allir auðvelt með að nýta sér aðstöðu safnanna verði þeim fyrirkomið í þjóðarþótlöðu og rými fyrir safnkost takmarkað.

Upplýsing hefur skilning á þeim fjárhagslega ávinningi sem falist getur í sameiningu stofnana. Engu að síður leggst félagið gegn þessum sameiningarhugmyndum og telur að þær séu ekki nógu vel ígrundaðar út frá þörfum notenda þeirra og starfsemi. Upplýsing hvetur ráðuneytið til að kanna aðrar leiðir sem gætu orðið söfnunum til góðs, stutt við og eflt þjónustu þeirra. Í slíku ferli er afar mikilvægt að hlustað sé á raddir þeirra sem reynslu hafa og þekkingu á starfi safnanna og innviðaupbyggingu.

Fyrir hönd stjórnar Upplýsingar,
Þórný Hlynsdóttir,
formaður